



Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E18/2021

Til Norðurlandaráðs

SKRIFLEG FYRIRSPURN NORÐURLANDARÁÐS E18/2021

Norðurlandaráð beindi hinn 8. apríl 2021 eftirfarandi skriflegu spurningum til norrænu ríkisstjórnanna:

- Hvernig varðveitir og verndar sérhvert norrænt land menningararfinn að því er timburskip varðar og menningarumhverfi tengt skipaútgerð, þar með talið handverkshefðir í kringum timburskip, og hve miklum fjármunum veita þau til þessa?
- Eru áskoranir vegna menningararfs tengdum timburskipum og útgerð sem ráðherranefndin telur að Norðurlandaráði beri að gaumgæfa sérstaklega?
- Eru einhverjar handverkshefðir að „deyja út“ vegna þess að timburskip eru ekki lengur eðlilegur hluti flota einstakra landa?
- Getur verið gagn af samstarfi á Norðurlöndum - og hvernig þá - um varðveislu menningararfsins að því er timburskip varðar?
- Hver er reynsla sérhvers norræns lands af skólaskipum?

SVAR:

Hér með er svarað fyrir hönd ríkisstjórna á Norðurlöndum:

Norðurlönd eru einsleitt svæði með tilliti til gilda og menningarviðmiða og menningarfurinn telst þar nátengdur daglegu lífi fólks og því umhverfi sem það hrærist í. Öll norrænu löndin eru í hlutfalli við stærð sína mikil skipasmíða- og tréskípalönd, jafnvel í samanburði við önnur Evrópulönd.

Nýlegt dæmi um norrænt samstarf er tillagan um að fá smíði súðbyrðinga færða á skrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) yfir óáþreifanlegan menningararf. Tilnefningin var samþykkt í desember 2021. Öll norrænu löndin og sjálfstjórnarsvæðin áttu aðild að tillögunni en Noregur hafði umsjón með henni.

Ýmsir sem bera hag trébáta fyrir brjósti notuðu tímann meðan umsóknin var í ferli til að teikna siglingakort, það er að segja áætlun sem verður uppfærð reglulega í þeim tilgangi að varðveita súðbyrðingshefðina. Einnig hafa farið fram umræður og aðgerðir verið undirbúnar tengdar menntun, samskiptum og alþjóðlegu samstarfi á sviðinu.

Smíði, verndun og notkun tréskípa er lifandi menningararfur alls staðar á Norðurlöndum. Mikil þekking og handverksskunnátta er fyrirliggjandi en varðveisla hennar er brotkennd og tvístruð þannig að óvíst er að hún nái til allra markhópa. Unnt er að gera þá þekkingu sem til er aðgengilegri með stafrænni tækni, til dæmis með því að þróa samnorrænan vefvang, eins konar upplýsingabanka sem fræðimenn, myndlistarmenn og almennir borgarar með áhuga á trébátahefðinni geta sótt fróðleik til.

Kann að vera mikilvægt fyrir Norðurlönd að vinna saman að þróun verknáms sem miðar að byggingu, viðhaldi og notkun tréskípa. Er einnig nauðsynlegt að samhæfa samstarf minjastofnananna til að tryggja söfnun og varðveislu óáþreifanlegs menningararfs tengdum tréskípasmiðahefð.

Í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eru hásigld skólaskip sem opinber samtök annast. Segelfartygsstiftelsen í Finland nefnist seglskipastofnun í Finnlandi sem var stofnuð árið 1973 og gerir út mörg smærri seglskip.

Megintilgangur stofnunarinnar er að vekja áhuga ungs fólks frá öllum stigum samfélagsins á sjósókn. Lögð er áhersla á félagsfærni unga fólksins og samheldni.

Norðurlönd eiga sér hefðir ekki síður en önnur lönd sem gætu gleymst að eilífu. Í Finnlandi, svo að dæmi sé tekið, eiga tvenns konar aðferðir við smíði báta með skarsúð á hættu að verða glötun að bráð. Smíði saumaðra báta var lifandi handverkshefð allt fram á byrjun 20. aldar í Samalandi frá Kolaskaga vestur til norðurstrandar Noregs. Önnur smíðahefð sem á í vök að verjast er gerð eintrjáninga í Satakunta en hún hélst við fram á fimmta áratug síðustu aldar. Tækifærið til að endurvekja þessar hefðir er ekki runnið okkur úr greipum.

Styrkveitingarnar eru með ýmsum hætti í norrænu löndunum. Til að mynda í **Finnlandi** fær minjastofnunin Museiverket árlega fjárveitingu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem dreifist á söfn og menningararfsverkefni. Museiverket hefur úthlutað styrkjum af þessu fé til varðveislu og viðgerða sem hæfa skipum sem þykja markverð með hliðsjón af sögu siglinga og frístundabáta í Finnlandi. Fjárveitingar til Museiverket hafa á hinn bóginn dregist saman á umliðnum árum vegna þess að tekjurnar af happdrættisstarfsemi hafa minnkað en styrkir til endurnýjunar á trébátum og tréskipum hafa numið um það bil 100 000 evrum.

Vernd og viðhald skipa í **Danmörku** sem teljast menningarverðmæti eru fyrst og fremst á verksviði verndarsjóðsins Skibsbevaringsfonden. Á fjárlögum ársins 2022 eru 1,4 milljónir danskra króna ætlaðar Skibsbevaringsfonden vegna viðhalds skipa. Menningarmálaráðuneytið úthlutar sjóðnum auk þess 3,5 milljónum danskra króna.

Að því er varðar önnur tréskip í Danmörku og menningarumhverfi haf- og strandsvæða veitir menningarmálaráðuneytið enn fremur styrki til freigátunnar Jótlands, svo að dæmi sé tekið, en til hennar renna 0,3 milljónir danskra króna á ári til að standa straum af kostnaði við reglulegt viðhald. Fjárveitingin var hækkuð um 3,1 milljón danskra króna fyrir hvort ár 2021 og 2022. Fulton-sjóðurinn fær þar að auki um 150 þúsund danskra króna og skonnertan Zar 500 þúsund danskra króna úthlutað af fjárveitingum menningarmálaráðuneytisins.

Einnig er vert að taka fram að söfn sem safna upplýsingum um sjósókn og sjávarhætti, þar á meðal um tréskip, njóta ríkisstyrkja. Á það meðal annars við um Víkingaskipasafnið í Hróarskeldu sem fékk um það bil 6,5 milljónir danskra króna í rekstrarstyrki 2021. Ríkið hefur enn fremur skuldbundið sig til að veita sérstakan styrk að fjárhæð um 150 milljónir danskra króna á tímabilinu til að endurnýja og breyta húsakosti safnsins.

Ríkið styrkir ýmis fleiri sjóminjasöfn en Víkingaskipasafnið í Hróarskeldu: Fiskeri- & Söfartsmuseet (Útvegs- og siglingasafnið) (4,8 millj. da.kr.), Marstal Söfartsmuseum (Siglingasafnið í Marstal) (1,0 millj. da.kr.), M/S Museet For Søfart (M/S Siglingasafnið) (7,4 millj. da.kr.) og Nordjyllands Kystmuseum (Sjávarsíðusafn Norður-Jótlands) (3,5 millj. da.kr.).

Eins má nefna Ríkissafnið danska, Nationalmuseet, sem er rekstrareining undir menningarmálaráðuneytinu. Ríkissafnið hefur einnig með höndum varðveislu menningararfs sem tengist sjávarhátum.

Á **Íslandi** veitir Fornleifasjóður almennt um það bil 2 milljónum íslenskra króna á ári til verndar og viðhalds á friðuðum tréskipum. Alþingi fjármagnar auk þess sérstök verkefni þar sem verndun og viðhald koma við sögu. Ráðuneytið styrkir Síldarminjasafn Íslands með 17 milljónum íslenskra króna á ári til að stuðla að viðhaldi menningarumhverfis strandsvæða. Síldarminjasafnið á til dæmis ellefu tréskip. Tréskip er einnig að finna á söfnum hér og þar á landinu og eru þá oftast hluti af safnkostinum.

Siglingar og tréskip eiga sér langa sögu í **Noregi** og skipa stóran sess í menningararfleifðinni. Tréskip á sjó eða landi eru auk handverkshefða þeim tengdum veigamikill þáttur í starfsemi margra safna sem hljóta rekstrarstyrki hjá menningarmálaráðuneytinu, þar á meðal eru Maritimt museum (Sjóminjasafnið) í Ósló, Stavanger Maritime Museum (Sjóminjasafnið í Stafangri) og Sjöfartsmuseet (Siglingasafnið) í Björgvin. Ýmis söfn bjóða auk þess upp á handverk á umræddu sviði, svo sem Hardanger fartøyvernssenter (Skipaverndarmiðstöðin í Harðangri).

Á síðustu árum hefur einnig verið úthlutað fjárfestingarstyrkjum til að halda við mannvirkjum sem tengjast tréskipum, til dæmis til Jektefartsmuseet (Jaktasafnsins) í Bodö, Geitbátmuseet, Nordmøre museum (Geitbátasafnsins á safninu á Norðmæri), og Holvíkurjaktarinnar í Sandane-útibúi Musea eða safnanna í Sogni og Firðafylki.

Þjóðminjavörður/umdæmin samþykkja enn fremur styrkveitingar til ýmissa tréskipa, sjá til dæmis „Verneplan for flytende kulturminner (2020–2023)“ (Verndaráætlun fyrir fljótandi menningarminjar). Í þessu sambandi er einnig vert að nefna Kulturhistorisk museum (Menningarsögusafnið) og víkingaskip þess ásamt Víkingaskipasafninu nýja sem byggingarfélag ríkisins, Statsbygg, er að reisa.

Af framangreindu að dæma er erfitt að segja nákvæmlega til um hve mikið framlag norska ríkisins er til tréskipa og tengdrar handverkshefðar en það veltur á hundruð milljóna norskra króna á ári.

Í **Svíþjóð** úthluta Statens maritima och transporthistoriska museer (Sjó- og samgönguminjasöfn ríkisins) um það bil 1 milljón sænskra króna í ríkisstyrki til menningarsögulega verðmættra skipa. Þau skip eru þó ekki öll smíðuð úr tré. Þá má nefna að þjóðminjavarðarembættið úthlutar árlega 9 milljónum sænskra króna (um 1,21 milljón evra) í styrki til sjálfboðastarfs á sviði minjavörslu, bæði hvað varðar áþreifanlegan og óáþreifanlegan menningararf, þar á meðal menningararf sem tengist sjávarhátum. Jafnframt styrkja lénstjórnirnar í Svíþjóð vernd menningar- umhverfis og undir það fellur menningarumhverfi haf- og strandsvæða.

Færeyjar veita á ári hverju 1.050.000 danskra króna til tréskipa auk 100.000 danskra króna til kappróðrabáta.

Landsstjórn **Álandseyja** styður og styrkir með margvíslegum hætti aðgerðir til að varðveita menningararf sem byggist á fornum sjávarhátum og handverkshefð, meðal annars á tréskipahefðinni, glæða hann lífi og viðhalda kunnáttu um hann.

Seglskipið Alanta er endurgerð af álenskri jakt frá byrjun 19. aldar. Félagið Segeljaktsföreningen Alanta r.f. hefur veg og vanda af verkefninu. Tilgangurinn er að hluta að viðhalda þekkingu um gamalt handverk og að hluta að auðga Álandseyjar með velsiglandi jakt. Alanta hefur umfram allt fræðslugildi fyrir börn og ungmenni. Landsstjórnin hefur heitið seglskipafélaginu Alanta r.f. styrk sem nemur 25 prósentum af kostnaði við að ljúka smíði jaktarinnar en þó að hámarki 145.000 evrum. Vilyrði hefur einnig verið veitt fyrir að hámarki 4.975 evra styrk til að gera ramp fyrir sjósetningu Alöntu svo að hún verði með þeim hætti sem hefðin býður.

Skipafélagið Albanus r.f. hefur einnig fengið rekstrarstyrk 2021 frá menningarnefnd Álandseyja (30.000 evrur) og sömuleiðis Stiftelsen Ålands Jakt- och Fiskemuseum r.f. (Stofnunin um Álenska skot- og fiskveiðisafnið) (60.000 evrur), Stödföreningen för Ålands Jakt- och Fiskemuseum r.f. (Styrktarfélag Álenska skot- og fiskveiðisafnsins) (1.900 evrur), Lappo uf/Skärgrårdsmuseet r.f. (Skerjagarðssafnið í Lappo) (8.500 evrur) og Stiftelsen Sjökvarteret i Mariehamn (Stofnunin um Sjávarsíðuhverfið í Maríuhöfn) (10.000 €).

Álands Sjöfartmuseum (Siglingasafn Álandseyja) ásamt seglskipinu Pommern (sem er þó ekki tréskip) fá um það bil 300.000 evrur að meðtöldum 30.000 evrum í styrk á ári fyrir rekstrar- og viðhaldskostnaði.

Álands Museum (Álandseyjasafninu) ber að skrá og miðla menningararfi Álandseyja, þar á meðal menningararfi haf- og strandsvæða. Framlag til skráningar á hefðum og til varðveislu tiltekinna áþreifanlegra menningarminja er breytilegt frá einu ári til annars og erfitt að meta í krónum og aurum.

Grænland leggur ekki fé til að vernda og annast menningararf þann sem byggist á tréskipum, menningarumhverfi á strandsvæðum og handverksstöðvum sem tengjast tréskipaútgerð.

Með góðri kveðju,



Antti Kurvinen,

vísinda- og menningarmálaráðherra